

Framhaldsnefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 (markmið um kolefnishlutleysi).

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju. Markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 er sett fram í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar sem og í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem var gefin út árið 2018 og uppfærð árið 2020. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að lögbinda þetta markmið.

Verði stefnubreyting í þessum efnum er mikilvægt að skýr markmiðsákvæði laga verði uppfærð enda er það hlutverk löggjafans að mæla fyrir um markmið sem stjórnvöldum ber að starfa eftir. Taki löggjafinn ákvörðun um að uppfæra markmið í löggjöf í samræmi við tillögur stjórnvalda og stefnubreytingu þá fyrst verður slíkt markmið skuldbindandi fyrir stjórnvöld, sbr. lögmatísreglu stjórnskipunarréttar.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að skýrt samræmi sé á milli stefnu stjórnvalda og markmiðsákvæðis í lögum um kolefnishlutleysi og leggur því til breytingu á 1. gr. frumvarpsins þess efnis að verði breyting á loftslagsmarkmiðum stjórnvalda skuli leggja til breytingar á lögnum.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi:

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Verði loftslagsmarkmið stjórnvalda uppfærð skal leggja til breytingar á þessu ákvæði því til samræmis.

Guðjón S. Brjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en skrifar undir álitid í samræmi við 2. mgr. 29. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

Alþingi, 11. júní 2021.

Ari Trausti Guðmundsson,
frsm.

Guðjón S. Brjánsson.

Hanna Katrín Friðriksson.

Jón Gunnarsson.

Karl Gauti Hjaltason.

Kolbeinn Óttarsson Proppé.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Vilhjálmur Árnason.